

Nd.

323. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32.19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

6. gr. laganna orðist svo:

Allt smjörliki, sem framleitt er hér á landi, skal bæta með A- og D-fjörefnum á þann hátt, sem fyrir verður mælt af ráðherra, að fengnum tillögum rannsóknarstofu háskólans, og ekki á annan hátt.

Atvinnumálaráðherra getur, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, ákveðið, að í öllu smjörliki, sem framleitt er hér á landi, sé tiltekinn hundraðshluti af íslenzku smjöri. Skylt er að blanda erlent smjörliki, sem selt er hér á landi, sama hundraðshluta af íslenzku smjöri og ákveðið er um innlent smjörliki á sama tíma. Skal sú blöndun fara fram hér á landi og undir sama eftirliti sem íslenzku smjörlikisgerðirnar eru háðar. Áður en ráðherra hefir fyrirskipað með auglýsingu um blöndun smjörlikis með smjöri, má ekki verzlun með smjörliki blandað smjöri, og eftir að slík auglýsing hefir verið birt, má ekki verzlun með smjörliki blandað smjöri í öðrum hlutföllum né á annan hátt en fyrir er mælt í auglýsingu.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmdir ákvæða þessarar greinar, eftir því sem þurfa þykir.

Greinargerð.

Smjörliki er nú unnt að bæta með fjörefnum, þannig að það að því leyti getur jafnast á við smjör. Smjörlikisverksmiðjurnar auglýsa hver í kapp við aðra yfirburði bætiefna síns smjörlikis, og er einskis hófs gætt í því skrumi. Almenníngur kann hér ekkert um að dæma, og auk þess mjög erfitt og kostnaðarsamt að skera úr því með sífelldum rannsóknum, hvort bætiefnin reynast í smjörlikinu eins og gumað er af. Er kunnugt, að því hefir í sumum tilfellum farið alls fjarri. Má fara nærri um, hverjir misbrestir geta verið hér á, þegar sumum smjörlikisverksmiðjunum reynist um megn að fylgja einföldustu og sjálfsgöðustu fyrirælum smjörlikislaganna, og upplýsingar þeirra um blöndun smjörs í smjörliki hafa nær aldrei reynzt svara til staðreynda, en í ýmsum tilfellum sannast að vera skrum eitt.

Öruggasta ráðið til að tryggja það, að allt smjörliki sé jafnan á viðunandi hátt bætt fjörefnum, og smjörmagn þess, ef um það er að ræða, svari til þess, sem lofað er, og til að vernda almenníng fyrir hættulegu skrumi um þessi efni, er að fyrirskipa fastar opinberar reglur hér að lútandi, er óheimilt sé út af að bregða, jafnframt því sem sérstökum opinberum eftirlitsmanni sé falið að hafa nákvæmt eftirlit með því, að reglunum sé fylgt. Slikan eftirlitsmann er heimilt að skipa samkvæmt smjörlikislögum. Er nú í ráði, að það verði gert, og í undirbúningi reglugerð fyrir hann til að starfa eftir. Þyrfti sú reglugerð að ná til þeirra atriða, sem hér hefir verið rætt um. Ef Alþingi getur fallið á frv., væri þess vegna ákjósanlegt, að afgreiðslu þess yrði hraðað.

Rannsóknarstofa háskólans er þess albúin að segja fyrir um fjörefnabætingu smjörlikis og að fylgjast með öllum nýngum á því sviði.